

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941,
um viðauka við og breyting á þeim lögum.

82

29 sept.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur ljáð mér, að rannsókn hafi farið fram um núverandi húsnæðisvandræði í Reykjavík. Rannsókn þessi hefur leitt í ljós, að á annað hundrað fjölskyldur verði húsnæðislausar 1. október næstkomandi.

Til þess að ráða bót á þessu vandræða ástandi telur fjármálaráðherrann nauðsynlegt að breyta núgildandi húsaleigulögum í nokkrum atriðum.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni. tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessi leið:

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. október 1942 til 14. maí 1943 getur bæjarstjórn Reykjavíkur tekið leigunámi handa húsnæðislausu fólki sumarhústaði og annað húsnæði í nágrenni bæjariús (Gullbringu-, Kjósar- og Árnassýslum), sem er eða gera má hæft til íbúðar, enda sé húsnæðisþörf eigenda (notenda) ekki skert með leigunáminu.

Húsaleigunefnd Reykjavíkur ákveður leigumála eftir húsnæði það, sem um ræðir í 1. mgr., nema að samkomulag verði milli aðilja.

2. gr.

Samkvæmt kröfu bæjarstjórnar Reykjavíkur skal húsaleigunefnd láta framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem tekið hafa húsnæði á leigu án leyfis húsaleigunefndar, sbr. 2. gr. laga nr. 126 1941, og skal þessu húsnæði ráðstafað til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.